SAMTÖK RAFVERKTAKA

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. desember 2019

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál

Samtök rafverktaka (SART) hafa móttekið beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn um ofangreint frumvarp til laga, mál nr. 319.

SART tekur undir og styður þær aðgerðir stjórnvalda sem styrkja stjórnsýslu á sviði mannvirkjamála, þar á meðal rafmagnsöryggismála. Góð samvinna hefur verið milli rafmagnsöryggissviðs Mannvirkjastofnunar og rafverktaka innan SART og almennt eru rafmagnsöryggismál í góðu lagi hér á landi. SART árétta mikilvægi þess að sameining Íbúðalánasjóðar og Mannvirkjastofnunar í nýja Húsnæðis- og mannvirkjastofnun komi ekki niður á skilvirkni eftirlits á sviði mannvirkjamála. Hlýtur tilgangur slíkrar sameiningar þvert á móti að leiða til bættrar eftirfylgni og telja SART nauðsynlegt að gripið sé til markvissra aðgerða svo það sé tryggt. Ekki má vera minnsti vafi á því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun geti beitt sér af afli ef upp koma tilvik þar sem öryggi og heilsu borgara sé stefnt í hættu.

SART telur það mikilvægt að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sinni eftirliti með framkvæmd laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga af festu og ber það m.a. að vera hlutverk stofnunarinnar að gæta þess og hafa heimildir til að beita viðeigandi viðurlögum ef réttindalausir einstaklingar ganga í verk löggiltra iðnmeistara. Í dag er það svo að eftirlitshlutverk stofnunarinnar snýr eingöngu að löggiltum iðnmeisturum og er það eftirlit nauðsynlegt en á sama tíma virðast einstaklingar og fyrirtæki án réttinda starfað án eftirlits. SART brýna fyrir stjórnvöldum að tryggja að eftirfylgni með lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sé virkt og þá ekki síst gagnvart þeim einstaklingum sem starfa í trássi við lögin, án tilskilinna réttinda. Ein forsenda þess að öryggi sé tryggt og heilbrigðis markaðar er að allir starfi eftir þeim leikreglum sem löggjafinn hefur sett á sviði rafmagnsöryggismála.

Kristján D Sigurbergsson

Kristján D. Sigurbergsson

Framkvæmdastjóri SART